

Til allra bæjar- og sveitarstjóra

Reykjavík, 1. október 2015

Tilvísun ÞÍ: 2015091577/6.6.7.0

Efni: Skýrsla um fasteignamat 2016

Þjóðskrá Íslands er sönn ánægja að tilkynna útgáfu skýrslu um fasteignamat 2016. Skýrslan um fasteignamat kemur nú út í sjötta sinn og er stöðugt unnið að því að gera efni hennar betur skil. Samkvæmt lögum, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna skal endurmeta fasteignamat allra fasteigna 31. maí ár hvert miðað við gangverð eins og það var í næstliðnum febrúar. Fasteignamatið tekur gildi 31. desember 2015 og gildir fyrir árið 2016. Í skýrslunni er aðferðum lýst ítarlega sem beitt er við árlegt endurmat allra fasteigna og birtar fjölmargar töflur, formúlur og gröf til skýringa.


Niðurstöður fasteignamatsins voru birtar fasteignaeigendum með rafrænum tilkynningarseðli á þjónustu- og upplýsingaveitunni Ísland.is, sem Þjóðskrá Íslands rekur. Auk þess er hægt að nálgast upplýsingar um matið með endurgjaldslausri uppflettingu á einstökum eignum á heimasíðu stofnunarinnar skra.is.

Skýrsluna er að finna á heimasíðu Þjóðskrár Íslands, sbr:

<http://www.skra.is/um-okkur/utgafur-og-skjol/>

Hafa má samband við Þjóðskrá Íslands og óska eftir innbundnu eintaki af skýrslunni.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Margrét Hauksdóttir
Forstjóri